

Ungt starfsfólk og öryggismál - hollráð fyrir foreldra

Evrópska vinnuverndarstofnunin
(European Agency for Safety and Health at Work)

Eru börn þín örugg á vinnustað sínum? Ertu viss um að þar sé einhver þeim til leiðsagnar. Þetta staðreyndablað á að auðvelda þér að skilja hvaða heilbrigðis- og öryggiskröfur vinnuveitendur þurfa að uppfylla gagnvart ungu starfsfólki sínu og að þú getir rætt við börn þín um hvernig koma eigi í veg fyrir slys og sjúkdóma í vinnu.

Í Evrópu vinna milljónir grunn, framhalds- og háskólanemar hluta- eða sumarstörf til þess að afla tekna. Margir stunda skipulagt iðnnám eða starfsþjálfun. Aðrir fara í fyrsta sinn á ævinni í fullt starf. Ungmennni geta haft mikið gagn af því að afla sér starfsreynslu sem gefur þeim færi á að tileinka sér mikilvæga starfshæfni, þroska og reynslu. Þessi starfsreynsla ætti einnig að vera bæði hættu- og áfallalaus.

Þegar ungt fólk fer í fyrsta sinn í fullt starf ætti sú reynsla að vera bæði gefandi og öruggt upphaf á ævilöngum atvinnuferli. Það er þó því miður alls ekki alltaf svo. Fram kemur í evrópskum tölfræðilegum upplýsingum að 50% meiri líkur eru á að ungmenni á aldrinum 18 til 24 ára slasist við vinnu sína en nokkur annar aldurshópur vinnandi fólks (1).

17 ára gömul stúlka missti framan af fingri eftir aðeins einnar klukkustundar vinnu í sumarleyfisstarfi sínu. Fingur hennar klemmdust illa í vél í bakaríinu þar sem hún vann...

18 ára nemi í bifvélavirkjun lést fjórum dögum eftir að hann brann illa. Hann var að hjálpa verkstjóra sínum að hella blöndu af bensíni og dísilolíu í spilliefnatank þegar sprenging varð í bensíninu...

Lög nr. 46/1980 og reglugerðir á sviði vinnuverndar ná til alls vinnandi fólks í landi. Þar segir að atvinnurekendur beri ábyrgð á að meta hættur á vinnustað og að viðeigandi forvarnir séu gerðar í samræmi við áhættumatið og að þjálfun og kennsla fari fram. Atvinnurekendur eiga að taka sérstakt tillit til ungmenna og byrjenda í starfi vegna þess að þá skortir þjálfun, reynslu og skilning á starfinu.

Viðbótarkröfur gilda um starfsfólk undir 18 ára aldri vegna þess að það vantar reynslu og gæti líka skort bæði líkamlegan og andlegan þroska. Vinnutími þess er einnig takmarkaður.

(1) Eurostat, Vinna og heilbrigði í ESB EU - tölfræðilegt yfirlit 1994-2002.

Öryggi ungmenna undir 18 ára aldri - hvað ber vinnuveitendum að gera?

Sérstakar reglur (426/1999) gilda um vinnu barna og unglunga. Þar er tekið tillit til þeirrar sérstöku áhættu sem ungt fólk getur verið í vegna skorts á reynslu, skilningi á starfi sínu og þroska.

Atvinnurekendur eru samkvæmt þessum reglum skyldugir til þess að:

- taka tillit m.a. eftirfarandi þátta þegar meta á hvaða hættur eru til staðar er varða heilbrigði og öryggi á vinnustaðnum: reynsluleysis unga fólksins, skorts á skilningi á hættum í vinnuumhverfinu og líkamlegum og andlegum þroska þeirra,
- gera áhættumat ÁÐUR en ungmenni hefja störf,
- taka mið af áhættumati þegar tekin er ákvörðun um hvort meina eigi ungmennum að vinna ákveðin störf eða ekki,
- fræða foreldra eða forráðamenn barna á skólaaldri um niðurstöður áhættumats og þær aðgerðir sem gripið er til í þeim tilgangi að draga úr hættunni.

Almennt er miðað við að ungmenni undir 18 ára aldri megi EKKI vinna störf sem:

- ná út yfir getusvið þeirra, bæði líkamlega og andlega, svo sem að bera þungar byrðar eða taka fjárhagslega ábyrgð,
- gera að verkum að þau komast í snertingu við eiturefni eða krabbameinsvalda,
- gera að verkum að þau geta orðið fyrir geislun,
- fela í sér mikinn hita, hávaða eða titring,
- fela í sér áhættu sem ólíklegt er að þau átti sig á eða forðist vegna reynslu- eða þjálfunarleysis eða vegna þess að þau gæta ekki nægjanlega að öryggi sínu.

Nánari upplýsingar um takmarkanir á verkefnum og vinnutíma vegna aldurs, auk sérstakra undanþága vegna iðnmenntunar og strangra reglna um vinnutíma barna á skólaskyldualdri, er að finna á staðreyndablaðinu „Öryggi ungs starfsfólks á vinnustað“. Kynntu þér ítarlega þær lögbundnu kröfur sem gerðar eru.

Þeir atvinnuveitendur sem bjóða ungmennum tímabundna starfsþjálfun ættu að veita þeim að minnsta kosti jafn góða vinnuvernd og fastráðnu starfsfólki sínu.

Sé unglingur enn á skólaskyldualdri ber atvinnurekanda að fræða foreldra eða forráðamenn um hættur og þær aðgerðir sem gripið er til að sporna gegn þeim. Þetta ætti að gera áður en vinnan hefst.

Hvað geta foreldrar gert?

Sá möguleiki er ávallt til staðar að ungt fólk slasist eða látist í slysum á vinnustað þrátt fyrir að hægt sé að koma í veg fyrir flest þeirra. Heilbrigði ungmenna getur einnig verið stefnt í hættu í vinnunni. Sem dæmi má nefna efni sem valda ofnæmi, hávaða á vinnustað, erfiða vinnustellingu eða líkamlegt, andlegt og félagslegt álag. Þess vegna má ekki vanmeta mikilvægi forvarna á sviði heilbrigðis og öryggis, þ.á.m. fræðslu og þjálfun varðandi vinnuvernd.

Hér verða nefndar nokkrar aðgerðir sem foreldrar geta gripið til í samstarfi við börn sín og unglinga:

- Ræddu við börn þín um helgar- eða sumarleyfisstarf þeirra, iðnnám eða starfsþjálfun. Um hvernig störf eða vinnustaði er að velja?
- Kynntu þér eðli þeirra verkefna sem þau vinna.
- Spurðu hvaða þjálfun þau hafa fengið og hvernig verkstjórn þau búi við. Segðu þeim að hika ekki við að biðja um þjálfun og aðstoð áður en þau nota tæki eða hefja störf við nýtt verkefni.
- Ræddu reglubundið við þau um það starf sem þau sinna. Hvettu þau til þess að ræða öll vandamál á sviði heilbrigðis- og öryggismála sem upp koma í tengslum við vinnuna.
- Ræddu við atvinnurekanda þeirra um heilbrigðis- og öryggisráðstafanir og fræðslu/þjálfun.
- Varaðu börn þín við hættunni sem fylgir því að vinna einn síns liðs eða að næturlagi.
- Hvettu börn þín til þess að spyrja spurninga, leita sér aðstoðar, ef þau eru í vafa vegna starfsháttá eða verkefna, og að tilkynna umsvifalaust um alla hættu, meiðsli eða veikindi, sama hve lítilvægur vandinn kann að virðast.
- Hvettu börnin til þess að ræða við lækni, hjúkrunarfræðing eða annan heilbrigðisstarfsmann sem tengist vinnustaðnum (sé hann til staðar á vinnustað). Ef þau leita til heimilislæknisins með eitthvert vandamál eiga þau að segja honum við hvað þau starfa.
- Bentu þeim á að einnig sé hægt að ræða öryggismál við öryggistrúnaðarmann starfsmanna eða trúnaðarmann verkalýðsfélagsins sé hann til staðar.
- Ræddu við börnin þín um þína eigin reynslu af málum sem snúa að öryggi og heilbrigði í störfum þínum nú eða áður fyrr. Segðu þeim frá því sem kom fyrir, hvernig brugðist var við og hvað þú hefðir gert hefðir þú vitað betur.
- Hvettu skólastjórnendur yngri nemenda til þess að kenna þeim að átta sig á hættum í umhverfinu og að fræða þá eldri um heilbrigðis- og öryggismál á vinnustöðum.
- Ræddu við aðra foreldra um þessi mál.
- Kynntu þér hvað gert er ungu starfsfólki til verndar á þínum eigin vinnustað.
- Hvettu börn þín til þess að kynna sér, að eigin frumkvæði, þau atriði sem snúa að vinnuvernd á sínum vinnustað, til dæmis hjá Vinnueftirlitinu og á vefsetrum þar sem fjallað er um þessi mál. Kynntu þér líka málin betur sjálf(ur)!

Ungt fólk hefur ekki síður en annað starfsfólk þrjúþætt mikilvæg **réttindi** varðandi heilbrigði og öryggi:

1. réttinn til að vita
2. réttinn til að taka þátt í starfsemi
3. réttinn til þess að neita að vinna hættuleg störf

Ung fólk ber líka **ábyrgð**, þar með talið að:

1. sýna gætni í starfi
2. tilkynna um hættur
3. nota eða bera hlífðarbúnað, t.d. persónuhlífar

Ungt fólk vill gjarna þóknast öðrum og það getur háð þeim ekki síður en óöryggið. Ræddu við börn og unglinga um réttindi þeirra, að fólk verði ávallt að gæta fyllsta öryggis við störf sín og að það eigi ætíð að virða öryggisráðstafanir til þess að vernda sjálft sig og vinnufélagana. Vinnan er enginn leikur.

Nánari upplýsingar og fræðslu er m.a. að finna á:
<http://ew2006.osha.eu.int>

Kynntu þér einnig málin hjá Vinnueftirlitinu (www.vinnueftirlit.is), verkalýðsfélögum og samtökum þeirra.

FACTS 63

TE-74-06-661-EN-C

Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins

Gran Vía, 33, E-48009 Bilbao

Sími: (34) 944 79 43 60, bréfsími (34) 944 79 43 83

Netfang: information@osha.eu.int

© Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins. Eftirritun er heimil að því gefnu að vísað sé til heimilda.

<http://osha.eu.int>